

FRÉTTABRÉF

Lífeyrissjóðs verkfræðinga

www.lifsverk.is

3. tbl. 2009 – Júlí

Nýir þjónustuaðilar sjóðfélagalána og séreignarsparnaðar

Lífeyrissjóður verkfræðinga hefur samið við Nýja Kaupþing um umsýslu sjóðfélagalána og Íslensk verðbréf um umsýslu séreignarsparnaðar. Áður sá SPRON um þessi verkefni.

Sjóðfélaglán:

Nýja Kaupþing sér um afgreiðslu nýrra sjóðfélagalána og þjónustu vegna eldri lána lífeyrissjóðsins. Bankinn veitir sjóðfélögum faglega ráðgjöf og upplýsingar um lán og aðra þjónustu. Þá mun bankinn að auki bjóða þeim sjóðfélögum sem það þurfa upp á greiðsluferfiðleikaúrræði.

Starfsmenn í aðalútbúi Nýja Kaupþings að Laugavegi 120 í Reykjavík munu alfarið sjá um lífeyrissjóðslánin og þjónustu vegna þeirra. Sími bankans er 444-7000 (skiptiborð).

Séreignarsparnaður:

Íslensk verðbréf munu sjá um eignastýringu og gengisútreikninga fyrir þrjár séreignarleiðir.

- Leið 1 er fjárfest í innlendum skuldabréfum og innlánnum.
- Leið 2 leggur aðaláherslu á hlutabréf, en er að auki fjárfest í skuldabréfum og innlánnum.
- Leið 3 er ný og er eingöngu fjárfest í innlánnum og verðbréfum með ábyrgð ríkisins.

Sem fyrr sér skrifstofa lífeyrissjóðsins um alla þjónustu við réttthafa vegna séreignarsparnaðar, þ. á m. útgreiðslu og flutning milli leiða.

Ný séreignarleið: Ríkistryggð verðbréf og innlán

Í kjölfar bankahrunsins ákvað stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga að bjóða nýja leið í séreignarsparnaði til viðbótar fyrri tveimur leiðum.

Leið 3 er eingöngu fjárfest í innlánnum með ríkisábyrgð og ríkistryggðum verðbréfum. Hún er góður kostur fyrir þá sem vilja lágmarksáhættu.

Eftir bankahrunið voru hömlur lagðar á útgreiðslu og flutning séreignarsparnaðar í umsýslu SPRON. Nú hafa Íslensk verðbréf tekið við umsýslunni og hömlurnar verið aflagðar. Á vefsíðu sjóðsins, www.lifsverk.is, eru eyðublöð fyrir óskir um breytingar á séreignarsparnaði eða ráðstöfun viðbótariðgjalds.

Hækkun vaxta í 3,7%

Stjórn sjóðsins ákvað í maí sl. að hækka vexti sjóðfélagalána um 0,2% í 3,7%, eins og áður hafði verið boðað í fréttabréfi og á aðalfundi. Var lántakendum sent bréf um breytinguna í lok maí og hún var einnig kynnt á vefsíðu sjóðsins, www.lifsverk.is. Hækkunin tók gildi 1. júlí sl. bæði á eldri og nýjum lánnum.

Hækkun skattfrádráttar af iðgjöldum séreignarsparnaðar

Með lagabreytingu sem tók gildi í mars 2009 var heimiluð tímabundin hækkun þess skattfrádráttar sem launþegar geta fengið vegna iðgjalds í séreignarsparnað. Á tímabilinu frá 13. mars 2009 til 1. okt. 2010 má draga 6% iðgjald frá tekjum í stað 4% áður. Launþegi þarf að óska eftir því við launagreiðanda að hækka iðgjaldið.

Aðalfundur 5. maí 2009:

Helstu ákvarðanir

Aðalfundur Lífeyrissjóðs verkfræðinga var haldinn þriðjudaginn 5. maí á Grand Hótel Reykjavík. Fundargerð og fundargögn má sjá á vefsíðu sjóðsins, www.lifsverk.is.

Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum voru allar samþykktar með tilskildum meirihluta. Áunnin réttindi verða skert um 10% og ávinnsla réttinda af framtíðariðgjöldum lækkuð um 5%. Ákvæði um áhættustýringu fjárfestinga og endurskoðunarnefnd verða tekin inn í samþykktirnar. Breytingar á samþykktum taka gildi 1. dag næsta mánaðar eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins. Staðfestingarferlið hefur jafnan tekið nokkrar vikur eða mánuði undanfarin ár.

Kristján M. Ólafsson og Sigurður Áss Grétarsson voru endurkjörnir í stjórn sjóðsins til þriggja ára. Tveir varamenn voru kjörnir, Þrándur Ólafsson til þriggja ára og Guðmundur Örn Jónsson til tveggja ára.

Efling eignastýringar

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að efla eignastýringu sjóðsins með ráðningu nýs starfsmanns. Auglýsing um starfið birtist í Morgunblaðinu 5. júlí og er stefnt að því að nýi starfsmaðurinn hefji störf síðsumars eða í haust.